

settum skilyrðum um gerð spennistöðvahúsa. Kostnaður notandans við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi skv. þessari gjaldskrá, þó aldrei meiri frádráttur en tengigjaldinu nemur.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald eftir kostnaði, skv. reikningi rafveitunnar.

Tengigjald fellur í gjalddaga, þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnuáráðuneytið, 12. febrúar 1965.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Dorv. K. Þorsteinsson.*

## REGLUGERÐ

um breyting á bráðabirgðareglugerð nr. 187 20. ágúst 1964, um greiðslu launaskatts, þegar um er að ræða ákvæðisvinnu og verktakasamninga.

Aftan við 2. mgr. 1. gr. bætist:

Þó skal launaskattur vegna launa sjálfseignarvörubifreiðarstjóra lagður á þá, sem greiða fyrir afnot bifreiðarinnar.

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 53 30. júní 1964, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1965.*

**Emil Jónsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

um laun og yfirvinnugreiðslur ríkisstjórnarinnar.

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og Kjararáð f. h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja gerðu, með vísun til ákv. 7. gr. laga nr. 55/1962, þ. 28. f. m. með sér eftirfarandi samning um breytingar á launum ríkisstarfsmanna:

- „1. Laun starfsmanna ríkisins hækka um 6.6% frá 1. október 1964. Þó skal yfirvinnukaup og vaktaálag haldast óbreytt fram til 1. janúar 1965.
2. Frá 1. janúar 1965 lækkar eftirvinnuálag úr 60% í 50%, þ. e. kaup fyrir eftirvinnu verður óbreytt að fjárhæð.
3. Um verðlagsuppbót á laun fer samkvæmt lögum.“

Mánaðarlaun í hverjum launaflokki verða því þessi frá 1. október 1964 að telja:

	Byrjunarlaun kr.	Laun eftir				
		1 ár kr.	3 ár kr.	6 ár kr.	10 ár kr.	15 ár kr.
1. Launaflokkur ..	5 117.00					
2. Launaflokkur ..	5 330.00					
3. Launaflokkur ..	5 565.00	5 874.00	6 108.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00
4. Launaflokkur ..	5 788.00	6 108.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00
5. Launaflokkur ..	6 023.00	6 353.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00
6. Launaflokkur ..	6 268.00	6 609.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00	7 729.00
7. Launaflokkur ..	6 513.00	6 876.00	7 153.00	7 430.00	7 729.00	8 038.00
8. Launaflokkur ..	6 780.00	7 046.00	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00
9. Launaflokkur ..	7 046.00	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00
10. Launaflokkur ..	7 323.00	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00
11. Launaflokkur ..	7 622.00	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00
12. Launaflokkur ..	7 920.00	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00
13. Launaflokkur ..	8 240.00	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00
14. Launaflokkur ..	8 571.00	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00
15. Launaflokkur ..	8 912.00	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00
16. Launaflokkur ..	9 274.00	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00
17. Launaflokkur ..	9 637.00	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00	11 726.00
18. Launaflokkur ..	10 031.00	10 425.00	10 841.00	11 278.00	11 726.00	12 195.00
19. Launaflokkur ..	10 585.00	11 161.00	11 779.00	12 430.00	13 112.00	
20. Launaflokkur ..	11 161.00	11 779.00	12 430.00	13 112.00	13 837.00	
21. Launaflokkur ..	11 779.00	12 430.00	13 112.00	13 837.00	14 594.00	
22. Launaflokkur ..	13 112.00	13 837.00	14 594.00		15 393.00	
23. Launaflokkur ..	14 594.00		15 393.00		16 246.00	
24. Launaflokkur ..	15 393.00		16 246.00		17 131.00	
25. Launaflokkur ..	16 246.00		17 131.00		18 079.00	
26. Launaflokkur ..	18 079.00				19 071.00	
27. Launaflokkur ..	20 115.00					
28. Launaflokkur ..	21 224.00					

*Fjármálaráðuneytið, 5. febrúar 1965.*

## F Y R I R M Æ L I

um gerð þorsk- og ýsunóta.

### 1. gr.

Gerð þorsk- og ýsunóta, sem notaðar eru til veiða innan endimarka landgrunns Íslands, skal vera þannig, að poki nótar, sem er 220 faðmar eða lengri, skal ekki vera stærri en 30 faðmar á teini. Poki styttri nóta skal vera minni hlutfallslega.

### 2. gr.

Möskvastærð þorsk- og ýsunóta skal minnst vera 110 mm, þegar möskvinn er mældur í votu neti, teygður horna á milli, eftir lengd netsins. Komist flöt mælistika, 110 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott. Poki nótarinnar er ekki háður möskvastærðartakmörkuninni.